



Ársskýrsla 2007



Almennt

Leikhúsgestum var boðið upp á tuttugu og níu mismunandi leik- og danssýningar á vegum Þjóðleikhússins á árinu 2007. Þar af voru sex erlendar gestasýningar og átta innlendar. Fimmtán sýningar voru framleiðsla leikhússins, þar af fimm frá fyrra ári. Að auki þáði leikhúsið boð um að sýna sýninguna Pétur Gautur í Barbican listamiðstöðinni í London. Samanlagður gestafjöldi á árinu 2007 var því 73.466 (Sjá nánar meðfylgjandi yfirlit yfir sýningar í leikhúsinu á árinu).

Stefnumörkun

Leikárið 2006 - 2007 var kynnt undir yfirskriftinni; “Þjóðleikhúsið fyrir alla”. Að vanda var lögð áhersla á verkefnaval sem spannaði breitt áhugasvið og höfðaði til ólíkra aldurshópa. Samhliða var lögð áhersla á að gera leikhúsið aðgengilegt þeim sem minna mega sín eða hafa takmarkaða getu til að njóta þeirra sýninga sem í boði eru. Meðal slíkra verkefna má nefna námskeið fyrir heyrnarlausu (í tengslum við sýningar á Sitji guðs englar) og námskeið fyrir innflytjendur (í tengslum við sýningar á Stórfengleg!).

Leikárið 2007 – 2008 var kynnt undir yfirskriftinni: “Þjóðleikhúsið á öllum sviðum lífsins” og var þannig vísað í senn til þess hlutverks sem leikhúsið gegnir á ólíkum sviðum mannlífsins, og að í Þjóðleikhúsinu eru fjögur leiksvið og hverju sviði var mörkuð ákveðin sérstaða það leikárið. Stóra sviðið bauð upp á fjölbreytni, Kassinn var vettvangur innlendar nýsköpunar, Smíðaverkstæðið vettvangur nýrra erlendra verka og Kúlan sýninga fyrir allra yngstu leikhúsgestina. Að auki voru farandsýningar kynntar sérstaklega. Þessi stefnumótun var undirstrikuð með nýju einkennismerki, þar sem hvert svið hafði sinn lit. Lit hvers sviðs var síðan haldið í frekari kynningu verka á viðkomandi sviði. Miðsúlan í einkennismerkinu, sú rauða stendur fyrir Stóra sviðið, bláa súlan er Kassinn, græna súlan Smíðaverkstæðið, bleika súlan Kúlan og sú gulrauða stendur fyrir farandsýningar.

Framkvæmdir og endurbætur

Viðamiklar framkvæmdir og viðgerðir á ytra byrði og þaki hússins settu mark sitt á starfið á árinu. Hávaðamengun var umtalsverð og sama á við um ryk og vatnsleka. Tekin var ákvörðun um að færa síðustu sýningu vorsins á Stóra sviðinu, Hjónabandsglæpi, yfir í Kassann til að gefa verktökum aukið svigrúm til hávaðavinnu. Allri leiklistarstarfsemi í húsinu var síðan hætt um mánaðamót maí/júní, eða fjórum vikum fyrr en sumarleyfi hefjast að öllu jöfnu. Það gerði það að verkum að sýningum fækkaði verulega og starfsemin varð af umtalsverðum tekjum. Einnig varð skerðing á starfsemi að hausti, en hún hófst mánuði síðar en venjulega á Stóra sviðinu, eða um mánaðamótin september/október.

Frumskýningar:

- Sælueyjan eftir Jacob Hirdwall. Þýðing: Salvör Aradóttir. Leikgerð: Gréta María Bergsdóttir og María Ellingsen. Leikstjórn: María Ellingsen. Dramatúrg: Gréta María Bergsdóttir. Leikmynd og búningar: Snorri Freyr Hilmarsson. Tónlist: Ólafur Björn Ólafsson. Ljós- og myndbandshönnun: Björn Bergsteinn Guðmundsson og Gideon Kiers. Leikarar: Sólveig Arnarsdóttir, Hjálmar Hjálmarsson, Atli Rafn Sigurðarson, Baldur Trausti Hreinsson, Þórunn Erna Clausen, Kristján Franklín Magnús, Elma Lía Gunnarsdóttir, Anna Kristín Arngrímsdóttir. Frumsýning í Kassarum 19. janúar 2007. Sýningar: 7. Áhorfendur: 535.
- Leg eftir Hugleik Dagsson. Tónlist og hljóðmynd: Flís (Davíð Þór Jónsson, Helgi Svavar Helgason, Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson). Leikstjórn: Stefán Jónsson. Leikmynd: Ilmur Stefánsdóttir. Búningar: Þórunn Elísabet Sveinsdóttir. Ljós- og myndbandshönnun: Arnar Steinn Friðbjarnarson/Undraland kvikmyndagerð, Björn Bergsteinn Guðmundsson, Freyr Vilhjálmsson og Gideon Kiers. Kóréografía: Sveinbjörg Þórhallsdóttir. Hljóðstjórn: Eiríkur Hilmisson og Halldór Snær Bjarnason. Leikarar: Atli Rafn Sigurðarson, Dóra Jóhannsdóttir, Edda Björg Eyjólfsson, Elma Lía Gunnarsdóttir, Friðrik Friðriksson, Halldóra Geirharðsdóttir, Jóhannes Haukur Jóhannesson, Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Kjartan Guðjónsson, Stefán Hallur Stefánsson, Valur Freyr Einarsson. Frumsýning á Stóra sviðinu 8. mars 2007. Sýningar: 43, þar af 4 forsýningar. Áhorfendur: 15.442.
- Hálsfesti Helenu eftir Carole Fréchette. Þýðing : Hrafnhildur Hagalín. Leikstjórn: María Sigurðardóttir. Leikmynd og búningar: Helga I. Stefánsdóttir. Lýsing: Lárus Björnsson. Hljóðmynd: Ester Ásgeirsdóttir. Leikarar: Edda Arnljótsdóttir, Arnar Jónsson, Guðrún Snæfríður Gísladóttir. Frumsýning á Smíðaverkstæðinu 14. apríl 2007. Sýningar: 13. Áhorfendur: 1.023.
- Hjónabandsglæpir eftir Eric-Emmanuel Schmitt. Þýðing: Kristján Þórður Hrafnsson. Leikstjórn: Edda Heiðrún Backman. Leikmynd og búningar: Jón Axel Björnsson. Lýsing: Lárus Björnsson. Tónlist og hljóðmynd: Óskar Guðjónsson. Leikarar: Elva Ósk Ólafsdóttir, Hilmir Snær Guðnason. Frumsýning í Kassarum 18. apríl 2007. Sýningar: 34. Áhorfendur: 4.201.
- Óhapp! eftir Bjarna Jónsson. Leikstjórn: Stefán Jónsson. Leikmynd og búningar: Börkur Jónsson. Lýsing: Lárus Björnsson. Hljóðmynd: Frank Hall. Leikarar: Atli Rafn Sigurðarson, Dóra Jóhannsdóttir, Elma Lía Gunnarsdóttir, Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Kjartan Guðjónsson, Stefán Hallur Stefánsson. Frumsýning í Kassarum 21. september. Sýningar: 20, þar af 2 forsýningar. Áhorfendur: 2.247.

- Gott kvöld eftir Áslaugu Jónsdóttur. Leikstjórn: Þórhallur Sigurðsson. Leikmynd: Áslaug Jónsdóttir. Brúður, búningar og skuggaleikhús: Helga Arnalds. Tónlist og hljóðmynd: Sigurður Bjóla. Lýsing: Páll Ragnarsson. Leikarar: Baldur Trausti Hreinsson, Vignir Rafn Valþórsson, Þórunn Erna Clausen. Frumsýning í Kúlunni 23. september 2007. Sýningar á árinu: 27. Áhorfendur á árinu: 1.737.
- Hamskiptin eftir Franz Kafka. Leikgerð og leikstjórn: Gísli Örn Garðarsson og David Farr. Þýðing: Jón Atli Jónasson. Tónlist: Nick Cave og Warren Ellis. Leikmynd: Börkur Jónsson. Búningar: Brenda Murphy/Ingveldur E. Breiðfjörð. Lýsing: Hartley T.A. Kemp/Hörður Ágústsson. Hljóðmynd: Nick Manning. Leikarar: Gísli Örn Garðarsson, Nína Dögg Filippusdóttir, Ingvar E. Sigurðsson, Elva Ósk Ólafsdóttir, Ólafur Egill Egilsson. Í samstarfi við Vesturport. Frumsýning á Stóra sviðinu 27. september 2007. Sýningar: 16. Áhorfendur: 6.296.
- Skilaboðaskjóðan ævintýrasöngleikur eftir Þorvald Þorsteinsson (leikskáld) og Jóhann G. Jóhannsson (tónskáld). Leikstjórn: Gunnar Helgason. Dansar og sviðshreyfingar: Helena Jónsdóttir. Leikmynd: Frosti Friðriksson. Búningar: Þórunn María Jónsdóttir. Leikgervi: Árdís Bjarnþórsdóttir og Þórunn María Jónsdóttir. Lýsing: Lárus Björnsson og Garðar Borgþórsson. Leikarar: Hrafn Bogdan Haraldsson, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Rúnar Freyr Gíslason, Friðrik Friðriksson, Þórir Sæmundsson, Sigurður Hrannar Hjaltason, Hjalti Rögnvaldsson, Ívar Helgason, Sara Marti Guðmundsdóttir, Valur Freyr Einarsson, Jóhannes Haukur Jóhannesson, Birna Hafstein, Þórunn Lárusdóttir, Esther Talía Casey. Dansarar: Eygló Ásta Þorgeirsdóttir, Guðbjörg Hilmarsdóttir, Hafdís Helga Helgadóttir, Inga Huld Hákonardóttir, María Ólafsdóttir, Ólöf Kristín Þorsteinsdóttir, Unnur Eggertsdóttir, Þórdís Björk Þorfinnsdóttir. Hljómsveit: Birgir Bragason, Dagný Marinósdóttir, Einar Scheving, Haukur Gröndal, Jóhann G. Jóhannsson, Kjartan Óskarsson, Kristján Þ. Stephensen, Martial Nardeau, Peter Tompkins, Pétur Grétarsson, Rúnar Óskarsson, Sigurður Flosason. Frumsýning á Stóra sviðinu 7. nóvember 2007. Sýningar á árinu: 16. Áhorfendur á árinu: 5.572.
- Konan áður eftir Roland Schimmelpfennig. Leikstjórn og þýðing: Hafliði Arngrímsson. Leikmynd og búningar: Stígur Steinþórsson. Lýsing: Hörður Ágústsson. Leikarar: Baldur Trausti Hreinsson, Edda Arnljótsdóttir, Edda Björg Eyjólfsdóttir, Vignir Rafn Valþórsson, Þórunn Erna Clausen. Frumsýning á Smíðaverkstæðinu 16. nóvember 2007. Sýningar á árinu: 10, þar af 2 forsýningar. Áhorfendur á árinu: 821.
- Ívanov eftir Anton Tsjechov. Leikstjórn og aðlögun: Baltasar Kormákur. Þýðing: Baltasar Kormákur og Ólafur Egill Egilsson. Leikmynd: Gretar Reynisson. Búningar: Helga I. Stefánsdóttir. Lýsing: Páll Ragnarsson. Hljóðmynd: Sigurður Bjóla Garðarsson. Leikarar: Hilmir Snær Guðnason, Ilmur Kristjánsdóttir, Jóhann Sigurðarson, Laufey Elíasdóttir, Margrét Vilhjálmsdóttir, Ólafía Hrönn Jónsdóttir,

Ólafur Egill Egilsson, Ólafur Darri Ólafsson, Þröstur Leó Gunnarsson.
Frumskýning á Stóra sviðinu 26. desember 2007. Sýningar á árinu: 3. Áhorfendur á árinu: 1.285.

Sýningar frá fyrra ári:

- Bakkyndur eftir Evrípídes. Leikstjórn: Giorgos Zamboulakis. Sýningar á Stóra sviðinu frá 4. janúar 2007. Sýningar á árinu: 8. Áhorfendur á árinu: 1.852.
- Sitji guðs englar eftir Guðrúnu Helgadóttur í leikgerð Illuga Jökulssonar. Leikstjórn: Sigurður Sigurjónsson. Sýningar á Stóra sviðinu frá 6. janúar 2007. Sýningar á árinu: 33. Áhorfendur á árinu: 12.160.
- Patrekkur 1,5 eftir Michael Druker. Leikstjórn: Gunnar Helgason. Sýningar á Smíðaverkstæðinu og Stóra sviðinu frá 6. janúar 2007. Sýningar á árinu: 22. Áhorfendur á árinu: 2.557.
- Stórfengleg! eftir Peter Quilter. Leikstjórn Ágústa Skúladóttir. Sýningar á Stóra sviðinu frá 6. janúar 2007. Sýningar á árinu: 7. Áhorfendur á árinu: 2.016.
- Leitinn að jólinum aðventuævintýri eftir Þorvald Þorsteinsson og Árna Egilsson. Leikstjórn: Þórhallur Sigurðsson. Sýningar á Leikhúslöftinu frá 1. desember 2007. Sýningar á árinu: 18. Áhorfendur á árinu: 1.375.

Erlendir gestaleikir:

- Ímyndunarveikin frá Compagnie 41751/Arthur Nauzyciel í Frakklandi. Ímyndunarveikin eða Þögn Molières, byggt á Ímyndunarveikinni eftir Molière og Þögn Molières eftir Giovanni Macchia. Leikstjórn og leikgerð: Arthur Nauzyciel. Liður í menningarkynningunni Pourquoi pas? – Franskt vor á Íslandi, með stuðningi frá CulturesFrance og Menntamálaráðuneytinu. 2 sýningar á Stóra sviðinu 22. og 23. mars 2007. Áhorfendur: 459.
- Gersemar gærdagsins (Etabl'Íle) frá Turak-leikhópnum í Frakklandi. Liður í menningarkynningunni Pourquoi pas? – Franskt vor á Íslandi, með stuðningi frá CulturesFrance og Alliance Française. 1 sýning í Kassanum 16. apríl 2007. Áhorfendur: 77.
- Les Kunz frá Frakklandi. 2 sýningar í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík í Kassanum 11. og 12. maí. Áhorfendur: 247.
- Cymbeline eftir William Shakespeare frá Cheek by Jowl í Bretlandi. Leikstjórn: Declan Donnellan. Í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík. 4 sýningar á Stóra sviðinu 15.-18. maí. Áhorfendur: 1.101.
- Kafka og sonur (Kafka and Son) eftir Alon Nashman og Mark Cassidy. Leikstjórn: Mark Cassidy. Gestaleikur frá Theaturtle og Threshold leikhópnum í Kanada, í samstarfi við Kanadíska sendiráðið og Canada Council for the Arts. 3 sýningar á Smíðaverkstæðinu 18.-20. október 2007. Áhorfendur: 153.
- Frelsarinn eftir Kristján Ingimarsson. Leikstjórn: Jón Páll Eyjólfsson. Gestaleikur frá Neanderleikhúsinu í Danmörku. 1 sýning á Stóra sviðinu 22. nóvember 2007. Áhorfendur: 366.

Íslenskir gestaleikir:

- Skoppa og Skríttla í leikhúsinu eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur. Leikstjórn: Þórhallur Sigurðsson. Sýningar á Leikhúsloftinu og í Kúlunni frá 6. janúar 2007. Sýningar: 42. Áhorfendur: 3.904.
- Pétur og úlfurinn eftir Bernd Ogrodnik. Sýningar í Kúlunni frá 17. febrúar 2007. Sýningar: 25. Áhorfendur: 2.481.
- Mjallhvít eftir Helgu Arnalds. Leikstjórn: Þórhallur Sigurðsson. Sýningar í Kúlunni frá 14. apríl 2007. Sýningar: 6. Áhorfendur: 343.
- Hátíðarsýning Félags íslenskra listdansara. Sýning tileinkuð 60 ára afmæli félagsins og Alþjóða dansdeginum, á Stóra sviðinu 25. apríl 2007. Áhorfendur: 279.
- Í skóla tímans eftir ýmsa höfunda, leikin dagskrá í tilefni 40 ára leikafmælis Margrétar Helgu Jóhannsdóttur og Sigurðar Skúlasonar. Leikstjórn: Þórhallur Sigurðsson. Sýningar í samstarfi við Þjóðleikhúsið í Kúlunni frá 28. apríl. Sýningar: 3. Áhorfendur: 197.
- Mysteries of Love dansleikhúsverk eftir Ernu Ómarsdóttur (danshöfund) og Jóhann Jóhannsson (tónskáld). Sýningin var liður í “Innrás í Þjóðleikhúsið”, afmælishátíð í Þjóðleikhúsbyggingunni í tilefni áratugar afmælis Dansleikhúss með Ekka. Sýning á Stóra sviðinu 3. maí 2007. Áhorfendur: 205.
- Partíland eftir Jón Atla Jónasson. Leikstjórn: Jón Páll Eyjólfsson. Listahátíð í Reykjavík í samstarfi við Þjóðleikhúsið, Gilligogg og Mindgroup. Sýning á Stóra sviðinu 26. maí 2007. Áhorfendur: 287.
- Listin að lifa eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur. Leikstjóri: Oddur Bjarni Þorkelsson. Athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins frá Leikfélagi Fljótsdalshéraðs. 2 sýningar í Kassanum 7. og 8. júní 2007. Áhorfendur: 134.

Leikferðir:

- Pétur Gautur eftir Henrik Ibsen. Leikgerð og leikstjórn: Baltasar Kormákur. 10 sýningar í Barbican listamiðstöðinni í London 28. febrúar – 10. mars. Áhorfendur: 1.700.

Annað leikið efni:

- Úr skel. Styrktartónleikar fyrir Árna Ibsen í Kassanum 3. mars 2007. Áhorfendur: 117.
- Þar sem háir hólar. Hátíðasamkoma á Degi íslenskrar tungu á 200 ára fæðingarafmæli Jónasar Hallgrímssonar á vegum Menntamálaráðuneytisins, á Stóra sviðinu 16. nóvember 2007. Áhorfendur: 442.

Sýningar alls: 383

Ýmsir viðburðir (gestafjöldi ekki talinn):

- Leiklistarþing á vegum Leiklistarsambandsins í Leikhúskjallaranum 27. mars 2007.
- Örleikritahátíð. Sýningar og úrslit í örleikritasamkeppni fræðsludeildar á Stóra sviðinu 3. apríl 2007.
- Marie Darrieussecq og Sædýrasafnið. Höfundakynning í Viku bókarinnar á frönsku menningarhátíðinni Pourquoi pas í Þjóðleikhúskjallaranum með þátttöku leikskáldsins Marie Darrieussecq og Arthur Nauzyciel leikstjóra, í Leikhúskjallaranum 21. apríl 2007.
- Cymbeline – umræður. Umræðukvöld með þátttöku Declan Donnellan leikstjóra og Nick Ormerod leikmyndahöfundar í tengslum við sýningu þeirra á Cymbeline. Í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík, í Leikhúskjallaranum 8. maí 2007.
- Tónamínútur eftir Atla Heimi Sveinsson. Tónleikar á vegum Listahátíðar í Reykjavík á Stóra sviðinu 13. maí 2007.
- Leikhúsnámskeið með Suzanne Osten. Námskeið og vinnusmiðja á vegum Þjóðleikhússins fyrir leikhúslistafólk, byggt á Fjalla-Eyvindi Jóhanns Sigurjónssonar. Kennarar: Suzanne Osten leikstjóri og Ann-Sofie Bárany leikskáld. Með stuðningi frá Sænska sendiráðinu og Norræna húsinu. Haldið í Kramhúsinu 20.-24. ágúst 2007.
- Málþing um Franz Kafka í tengslum við sýningu Þjóðleikhússins á Hamskiptunum og gestasýninguna Kafka og sonur. Í Leikhúskjallaranum 17. október 2007.
- Hugleikur í Leikhúskjallaranum. Leikfélagið Hugleikur stóð fyrir reglulegum viðburðum í Leikhúskjallaranum, stuttum leiksýningum, tónleikum o.s.frv.
- Ýmsir listviðburðir í Leikhúskjallaranum á vegum ólíkra aðila, svo sem tónleikar og danssýningar.

Höfundastarf Þjóðleikhússins

Lögð var áhersla á innlenda leikritun og nýsköpun í þeim listum sem leiksviðinu tengjast. Af tíu nýfrumsýndum verkum voru þrjú frumsamin fyrir leikhúsið, eitt verk endurfrumsýnt og tvær leikgerðir unnar upp úr erlendum verkum. Að auki voru tvö innlend verk meðal þeirra sem gengu áfram eða voru tekin upp á árinu.

- Barnasýningin Sitji guðs englar eftir Guðrúnu Helgadóttur í leikgerð Illuga Jökulssonar gekk út leikárið 2006-2007 á Stóra sviðinu.
- Gréta María Bergsdóttir og María Ellingsen unnu aðlögun fyrir lítið svið, eða leikgerð eftir nýju sænsku leikriti, *Pleasure Islands*, eftir Jacob Hirdvall, en verkið gerist á Íslandi. Leikgerðin hlaut nafnið *Sælueyjan* og fór á svið í Kassanum í janúar.
- Í upphafi árs hófust æfingar á nýju verki eftir Hugleik Dagsson, söngleiknum *Leg*, en Hugleikur var ráðin á síðasta ári sérstaklega á höfundarsamning
- Bjarni Jónsson hélt áfram á höfundasamningi við að skrifa verk fyrir Kassann, sem hlaut nafnið *Óhapp!* og var frumsýnt í september. Bjarni hefur áður samið fyrir leikhúsið tvö leikrit í fullri lengd, *Kaffi* og *Vegurinn brennur*.
- Áslaug Jónsdóttir var ráðin til að skrifa barnaleikrit fyrir Kúluna og sýningin *Gott kvöld* var frumsýnd í september. *Gott kvöld* er fyrsta leikritið sem samið er sérstaklega fyrir hið nýja barnasýningasvið Þjóðleikhússins, Kúluna.
- Leikgerð var unnin upp úr leikriti Antons Tsjechovs, Ívanov, en það var Baltasar Kormákur, leikstjóri verksins sem sá um þá vinnu.
- Handrit Steinunnar Sigurðardóttur, *Dósastaðir*, var leiklesið 22. febrúar (lokaður leiklestur).
- Handrit Hallgríms Helgasonar, söngleikur um diskó- og pönktímabilið, var leiklesið 23. apríl (lokaður leiklestur).

Samstarf við aðrar menningarstofnanir og erlenda aðila

- Í tengslum við frönsku menningarkynninguna *Pourquoi Pas-Franskt* vor á Íslandi hafði Þjóðleikhúsið samstarf við innlendar og erlendar menningarstofnanir, Menntamálaráðuneytið, Franska sendiráðið, *CulturesFrance* og *Alliance Française* um sýningar á Ímyndunarveikinni og *Gersemum gærdagsins*, og höfundarkynningu á *Marie Darrieussecq*. Í kjölfar frönsku menningarhátíðarinnar er Þjóðleikhúsið með í undirbúningi sýningu á nýju leikriti eftir *Darrieussecq*, *Sædýrasafninu*, í leikstjórn Arthur Nauzyciel.
- Þjóðleikhúsið hafði samstarf við Listahátíð í Reykjavík um sýningar á *Cymbeline*, *Les Kunz* - trúðar og töfrandi tónlist og *Partílandi*, tónleikana *Tónamínútur* og umræðukvöld um *Cymbeline*. Þjóðleikhúsið hafði einnig samstarf við Listahátíð og leikhópana *Gilligogg* og *Mindgroup* leikritið *Partíland* eftir Jón Atla Jónasson sem var lokaviðburð Listahátíðar.
- Þjóðleikhúsið hafði samstarf við Kanadíska sendiráðið um ýmsa viðburði á árinu:
- Þjóðleikhússtjóri sótti leiklistarhátíðina *Magnetic North* í boði kanadískra yfirvalda.

- Þjóðleikhúsið sýndi kanadíska gestaleikinn Kafka og sonur eftir Alon Nashman og Mark Cassidy, frá Threshold og Theaturtle leikhúsunum, í samstarfi við Kanadíska sendiráðið og Canada Council for the Arts,
- Kafka-kvöld var haldið í Leikhúskjallaranum í tengslum við komu gestaleiksins Kafka and Son, þar sem ýmsir aðilar sérfróðir um Franz Kafka sögðu frá skáldinu.
- Í samvinnu við Kanadíska sendiráðið og í tilefni af frumsýningu á leikritinu Hálsfesti Helenu, var höfundur leikritsins, Carole Fréchette boðið til landsins og var hún viðstödd frumsýninguna 14. apríl.
- Þjóðleikhúsið hafði samstarf við Barbican listamiðstöðina í London um tíu sýningar á Pétri Gaut eftir Henrik Ibsen í leikgerð og leikstjórn Baltasars Kormáks.
- Á árinu var undirbúin leikför með Pétur Gaut í Bozar-listamiðstöðina í Brussel í samvinnu við Menntamálaráðuneytið vegna íslensku menningarkynningarinnar “Iceland on the edge”.
- Þjóðleikhúsið hélt árfam samstarf við Þjóðleikhúsið í Færeyjum um undirbúning höfundanámskeiðs og léði leikhúsinu tækniaðstoð vegna sviðslýsingar.
- Leikhúsið valdi og sýndi að venju Athyglisverðastu áhugaleiksýningu ársins, sem var að þessu sinni Listin að lifa frá Leikfélagi Fljótsdalshéraðs.
- Jónasarnefnd, á vegum Menntamálaráðuneytisins, stóð fyrir hátíðarsamkomu undir heitinu Þar sem háir hólur á Degi íslenskrar tungu á 200 ára fæðingarafmæli Jónasar Hallgrímssonar, á Stóra sviðinu 16. nóvember 2007.
- Tvær ballettsýningar voru sýndar sem gestasýningar í Þjóðleikhúsinu á árinu:
- Hátíðarsýning Félags íslenskra listdansara. Sýning tileinkuð 60 ára afmæli félagsins og Alþjóða dansdeginum, á Stóra sviðinu 25. apríl 2007.
- Mysteries of Love dansleikhúsverk eftir Ernu Ómarsdóttur (danshöfund) og Jóhann Jóhannsson (tónskáld). Sýningin var liður í “Innrás í Þjóðleikhúsið”, afmælishátíð í Þjóðleikhúsbyggingunni í tilefni áratugar afmælis Dansleikhúss með Ekka. Viðburðir í leikhúsinu öllu og sýning á Stóra sviðinu 3. maí 2007.

Fræðslu- og kynningarstarf í Þjóðleikhúsinu

- Vinnusmiðjur kennara, sem hafa verið mikilvægur hluti af starfi fræðsludeildar frá stofnun hennar, voru haldnar með reglulegu millibili á árinu í samstarfi við FLÍSS (Félag um leiklist í skólastarfi). M.a. vinnusmiðjur með Rúnari Guðbrandssyni leiklistarkennara og leikstjóra, Ágústu Skúladóttur leikstjóra, Susanne Braad Andersen, Jakob Kjørboe leiklistarkennara, Birte Zander tónlistarkennara og Þorvaldi Þorsteinssyni skáldi og myndlistarmanni. Vinnusmiðjurnar voru allar vel sóttar af kennurum á öllum skólastigum.
- Umfangsmikið tvískipt helgarnámskeið fyrir leiklistarkennara var haldið í nóvember, einnig í samstarfi við FLÍSS, þar sem leiðbeinandi var Patrice Baldwin sem er formaður landssamtaka leiklistarkennara í Bretlandi: National Drama.
- Um 70 ungmenni á framhaldsskólaaldri sóttu opið þriggja kvölda námskeið um söngleikinn Leg í febrúar. Þátttakendur kynntust hugmyndaheimi og vinnsluferli sýningarinnar og fengu tækifæri til að eiga í beinu samtali við listræna stjórnendur og leikara.

Útgáfa fræðsluefnis

- Veglegir fræðslupakkar með fjölda kennsluhugmynda og ítarefni voru gefnir út fyrir barnasýningarnar Gott kvöld og Skilaboðaskjóðuna. Þá voru sendir út geisladiskar með fjórum lögum úr Góðu kvöldi í alla leikskóla í landinu og í janúar sl. voru geisladiskar með tónlistinni úr Skilaboðaskjóðunni, fræðslupakkin innbundinn og nótur að tveimur lögum úr sýningunni sendar öllum grunnskólum á landinu að gjöf.

Móttaka hópa

- Fræðsludeildin tók á móti tæplega 900 börnum og ungmönnum í kynnisferðir baksviðs árið 2007. Þetta er aukning frá því árinu áður, þrátt fyrir þá staðreynd að frá því snemma vors og langt fram á haust urðum við að vísa hópum frá vegna framkvæmda við húsið.
- Bryddað var upp á þeirri nýbreytni haustið 2007 að taka á móti leikskólahópum með sérstaka dagskrá í Kúlunni snemma morguns þar sem leikhúsið var kynnt fyrir þeim á þeirra forsendum.
- Móttaka kennaranema frá KHÍ. Eins og í fyrra er fræðsludeildin í samstarfi við Kennaraháskóla Íslands og tekur á móti kennaranemum á leiklistarkjörsviði bæði í kynnisferðir og með heimsóknum í skólann.

Örleikritasamkeppni fyrir framhaldsskólanema

- Í mars og apríl stóð fræðsludeildin fyrir árlegri örleikritasamkeppni sinni í samstarfi við leiklistardeild Listaháskóla Íslands. Að þessu sinni bar samkeppnin titilinn Skápur. Þátttaka var einstaklega góð, og voru sex verk valin til úrslita sem sett voru upp með leikaranemum á Stóra sviði Þjóðleikhússins. Tæplega 200 manns sóttu úrslitakvöldið.

- Í tengslum við örleikritahátíðina heimsótti fulltrúi fræðsludeildar nokkra skóla og kenndi staka tíma í skapandi skrifum til að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í samkeppninni. Mæltist þetta vel fyrir hjá íslenskukennurum.

Verkefni fræðsludeilda:

- Nú er skriður að komast á verkefni sem hlotið hefur vinnuheimið Þjóðleikur, sem er framlag Þjóðleikhússins til Vaxtarsamnings Austurlands. Komið verður á laggirnar n.k. leiklistarhátíð ungs fólks á Austurlandi, þar sem unnið verður með ný íslensk leikverk sem verða sérstaklega skrifuð fyrir unga leikara.
- Fræðsludeildin heldur úti heimasíðu: <http://fd.leikhusid.is> sem er dýrmæt upplýsingaveita um leiklist og leiklistarkennslu sem margir nýta sér og stöðugt er unnið að því að bæta síðuna.
- Hin árlega örleikritasamkeppni framhaldsskólanema hefur fest sig í sessi og verður örugglega áfram árviss viðburður. Samkeppnin er samstarfsverkefni Leiklistardeildar LHÍ og fræðsludeildar Þjóðleikhússins.
- Starfskynningardagar, kynnisferðir og opið hús: Vinsæll og mikilvægur hluti af reglulegu starfi hússins er að taka á móti skólahópum bæði í kynnisferðir og starfskynningar og verður því haldið áfram með aukinni áherslu á að veita sérhæfða þjónustu fyrir mismunandi aldurshópa, sbr. leikskóladagskránna í Kúlunni.
- Vinnusmiðjur: Samstarfið við FLÍSS hefur gengið vel og hefur verið lyftistöng fyrir bæði fræðsludeildina og félagið. Stefnt er að framhaldi á því.

Kúlan - Barnaleikhús Þjóðleikhússins

Barnasýningar hófust í Kúlunni í janúar 2007 og hafa notið mikilla vinsælda.

Kúlan er fyrrverandi Litla svið Þjóðleikhússins að Lindargötu 7. Sýningar eru að jafnaði um helgar og ætlaðar yngstu börnunum. Þarna sjá þau stuttar sýningar og eru leidd inn í töfraheim leikhússins á áleitinn og mjúkan hátt sem hæfir aldri þeirra og þroska.

Foreldrar hafa verið afar ánægðir með þetta framtak leikhússins og koma aftur og aftur með börnin á hverja nýja sýningu. Þetta er hrein viðbót við hinar vinsælu barnasýningar Stóra sviðsins og allt önnur upplifun fyrir kornunga leikhúsgesti.

- Fyrri hluta árs voru sýndar þrjár sýningar í samstarfi við leikhópa: Skoppa og Skríta í leikhúsinu eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur, Mjallhvít eftir Helgu Arnalds og Pétur og úlfurinn eftir Bernd Ogródnik.
- Leikárið sl. haust hófst með sýningum á nýju leikriti, Góðu kvöldi eftir Áslaugu Jónsdóttur, sem sýnt hefur verið í allan vetur. Leikritið er skrifað að ósk leikhússins eftir bók höfundar og vonandi fáum við fleiri verk úr smiðju hennar á næstu árum.
- Þjóðleikhúsið mun halda áfram að hvetja íslenska höfunda að nota þennan vettvang til þess að skrifa ný leikrit fyrir börn.

Markað og kynningarstarf, nýjar áherslur

- Boðið var upp á þá nýbreytni að selja sérstök forsýningakort á sýningar á Smíðaverkstæðinu og í Kassanum. Leikhúsgestir gátu að hausti fest kaup á miðum á fimm mismunandi sýningar yfir veturinn, á nýjum innlendum og erlendum verkum. Þessi nýbreytni mæltist vel fyrir hjá áhorfendum og hefur einnig nýst leikhúsinu vel í vinnsluferli sýninga.

Rekstrarlegar áherslur - hagræðing

Stofnunin hefur leitað leiða til að hagræða í rekstri með bættu skipulagi, áætlanagerð og skilvirku upplýsingaflæði. Ekki hefur þó enn sem komið er tekist að koma rekstrinum í jafnvægi, enda íþyngja eldri og nýjar lausaskuldir starfseminni. Þar vegur þungt það rask sem varð á starfseminni vega viðgerða á Þjóðleikhúsbyggingunni og annarra viðhaldsverkefna, sérstaklega aðstöðuleysi í eldhúsi og því tekjutapi sem af hlaust af styttingu leikársins.

Aðgengismál

Unnið hefur verið að því að koma aðgengi fyrir hreyfihamlaða í betra horf. Um áramót vantaði enn talsvert uppá að aðgengismál væru komin í viðunandi horf við aðaldir, en unnið var að þeim þætti á þeim tíma. Enn vantar upp á viðunandi aðgengi hreyfihamlaðra við Kassann.

Heimsíðan eflist stöðugt, en þó er hún ekki notkunarvæn fyrir sjónskerta.

Starfsmannamál, vinnustaðamening

Starfsmannastefna fyrir Þjóðleikhúsið hefur verið unnin. Sett var á laggirnar, í samstarfi við Starfsmennt, 68 klst. sérstök námsleið ætluð sviðsmönnum og starfsmönnum leikmunadeilda leikhúsa. Einstök námskeið eru einnig opin öðrum starfsmönnum. Efnt var til námskeiðahalds fyrir stjórnendur í húsinu á vormisseri í samráði við Starfsmennt og ráðgjafafyrirtækið Mínervu. Fyrri hluta ársins voru haldnir vikulegir fundir (á miðvikudagsmorgnum) sem opnir voru öllum starfsmönnum. Þar voru rædd ýmis málefni er tengdust starfseminni auk þess sem þangað komu gestafyrirlesarar.

Öryggismál

Gamall búnaður og vatnsleki vegna skorts á viðhaldi skapa víða hættuástand í húsinu sem ekki hefur í öllum tilfellum tekist að bregðast við með viðunandi hætti. Ástand búnaðar á tæknisvæði og í turni er víða við eða yfir hættumörk og þarfnast allt leikhúsið aftan við forteppi endurbóta og viðhalds.

Aðstöðuleysi

Mikil þrengsli í húsinu sjálfu sem og skortur á geymsluhúsnæði í viðunandi fjarlægð og á viðunandi kjörum er erfiður baggi og skapa mikið og viðvarandi óhagræði í rekstri. Mötuneyti hefur verið óstarfhæft vegna viðgerða á eldhúsi og panta hefur þurft mat utan úr bæ til að geta boðið upp á þá þjónustu sem ætlast er til. Hefur hlotist af því umtalverður kostnaðarauki og óhagræði fyrir starfsfólk.

Jafnréttisstefna

Stefnt er markvisst að því að gæta jafnræðis milli kynja í hinu listræna starfi í samræmi við jafnréttisstefnu Þjóðleikhússins sem skilað var til ráðuneytisins með ársskýrslu 2006.

Huglægt mat

Listrænt starf og stefnumótun.

Nýsköpun í Þjóðleikhúsinu var í hámarki en íslensk leikrit og leikgerðir voru yfir helmingur nýfrumsýndra verka. Að auki var samin tónlist sérstaklega við sjö af verkefnum leikársins. Dans var sérsaminn við tvö verk. Einn nýliði var í hópi leikskálda, Áslaug Jónsdóttir. Barnastarf og starf fræðsludeildar var sérstaklega öflugt á árinu. Markmið í samsetningu og tilhöfðun dagskrár leikársins 2006 – 2007, “Þjóðleikhúsið fyrir alla” náðist enda úrvalið fjölbreytt og náði til mismunandi aldurshópa. Vel tókst að laða kynslóðirnar saman í leikhúsið og naut sýningin Sitji guðs englar sérstakra vinsælda sem fjölskyldusýning. Með þeirri viðbót sem Kúlan er, hefur yngstu áhorfendunum einnig fjölgað verulega. Markvisst starf í þágu unglunga og ríkulegur skólaafsláttur segir líka til sín í aukinni aðsókn ungs fólks í leikhúsið sem orðin er marktæk þótt tölulegar upplýsingar liggi ekki fyrir. Sýning eins og Leg naut mikilla vinsælda meðal ungs fólks, en einnig sýningar sem ekki voru beinlínis sérstaklega ætlaðar þeim markhóp.

Aðsókn og markaðssetning.

Almennt var aðsókn að leikhúsinu góð en nokkuð misjöfn milli sýninga eins og verða vill. Almennt og miðað við aðstæður, eða aðeins rétt ríflega átta mánaða starf á árinu, má vel við una og fullyrða að markmið leikársins hafi náðst hvað aðsókn varðar.

Reykjavík, 7. mars, 2007

Tinna Gunnlaugsdóttir,
þjóðleikhússtjóri